

Ákall um nýjan alheimssáttmála

Guð, maður og náttúra í vistguðfræðilegum skrifum
Rosemary Radford Ruether

Inngangur

Rosemary Radford Ruether (1936–2022), ein af formæðrum femínískrar guðfræði, hefur nýlega kvatt þessa jarðvist. Hún átti drjúgan þátt í að móta þessa grein guðfræðinnar á síðasta fjórðungi tuttugustu aldar en auk þess var hún í broddi fylkingar á nýju fræðasviði innan guðfræðinnar, vistguðfræðinni.¹ Ruether hóf feril sinn sem kirkjusagnfræðingur og lauk doktorsprófi á sviði kirkjuféðrafræði.² Hún var alla tíð mjög virk í samfélagslegri orðræðu, innan Bandaríkjanna sem utan, og eftir henni tekið á því sviði. Snemma beindist áhugi hennar að umhverfismálum. Meðal áhrifavalda í því samhengi má nefna miðaldasagnfræðinginn Lynn White Jr. (1907–1987) sem gagnrýndi kristna trúarhefð fyrir mannmíðlægni og að líta á manninn sem drottvara og yfirboðara náttúrunnar.³ Þeirri staðhæfingu var Ruether að vissu leyti sammála en taldi jafnframt að White horfði fram hjá mikilvægum áhrifaþáttum í gyðing-kristinni hefð og sögu. Þar átti hún einkum við tvær uppsprettur, ef svo má að orði komast: sáttmálahefðina (e. *covenantal tradition*) og sakramentishefðina (e. *sacramental tradition*) en í hvorri tveggja fann hún allt annars konar afstöðu til náttúrunnar en þá sem White gagnrýndi og kallaði kristna.⁴ Sáttmála- og sakramentisáherslur Ruether birtust snemma á ferlinum en segja má að femínísk vistguðfræði hennar hafi fullmótast á um tuttugu ára tímabili, nánar tiltekið frá 1975 til 1992 en þá litu þrjú af lykilverkum hennar dagsins ljós: *New Woman: New Earth — Sexist Ideologies and Human Liberation* (1975), *Sexism and God-Talk: Toward a Feminist Theology* (1983) og *Gaia and God: An Ecofeminist Theology of Earth Healing* (1992).⁵ Áberandi guðfræðileg og siðfræðileg áhersla Ruether í ofangreindum lykilverkum er ástæða þess að í þessari grein verður sú spurning í forgrunni hvert sé framlag hennar til þess þverfræðilega samtals sem nú á sér

¹ *The New York Times*, 27. maí 2022/uppfært 31. maí sama ár, sótt 15. nóvember 2022 af <https://www.nytimes.com/2022/05/27/us/rosemary-radford-ruether-dead.html>.

² Rosemary Radford Ruether, *Gregory of Nazianzus: Rhetor and Philosopher*, London: Oxford University Press, 1969. Doktorsritgerðina varði Ruether árið 1965 við Claremont Graduate School í Kaliforníu.

³ Lynn White Jr., „The Historical Roots of Our Ecologic Crisis“, *Science*, 655/1967, bls. 1203–1207.

⁴ Í Gamla testamentinu er víða vísað til sáttmála milli Guðs og manna. Einna þekktastur er líklega sáttmálinn við Nóa sem innifelur bæði fólk og allar lífandi skepnur. Af öðrum sértækum sáttmálum sem má nefna eru þeir á milli Guðs og Ísraelslýðs við Sínaíffjall og milli Guðs og Abrahams.

⁵ Rosemary Radford Ruether, *New Woman: New Earth — Sexist Ideologies and Human Liberation*, New York: Seabury Press, [1975] 1995; *Sexism and God-Talk: Toward a Feminist Theology*, Boston: Beacon Press, 1983; *Gaia and God: An Ecofeminist Theology of Earth Helling*, San Francisco: Harper, 1992.

stað um leiðir sem liggja burt frá viðsjárverðum vegi hamfarahlýnunar og jafnvel algerrar eyðileggingar hins náttúrulega heims. Sérstök áhersla verður lögð á náttúrusýnina en hún tengist náíð bæði mannskilningi og guðsmyndinni. Hvernig nýtir Ruether hinn biblíulega og kristna arf sáttmálahugsunar í því samhengi sem umlykur okkur öll sem búum á plánetunni Jörð og hver er sá arfur nánar tiltekið?

Sáttmálar í samtímanum

Hugtakið sáttmáli er ekki aðeins sögulegt og biblíulegt hugtak heldur víða virkt í vistfræðilegri orðræðu líðandi stundar. Nýlegt dæmi um þetta mátti heyra í ræðu aðalritara Sameinuðu þjóðanna, António Guterres, sem hann hélt á 27. loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaíró í nóvember 2022. Framsetning hans jaðraði við að vera ógnvekjandi er hann lýsti stöðu mannkyns á þann veg að það væri stutt á heljarslóð og staði frammi fyrir tveimur kostum: að gera samstöðusáttmála við náttúruna sem og meðbræður og systur um víða veröld eða fremja hægfara sjálfsmorð.⁶

Vaxandi þungi á samstöðu mannkyns vegna alvarlegra afleiðinga hamfarahlýnunar hefur verið uppi um nokkra hríð í orðræðu Sameinuðu þjóðanna. Þannig fela þróunarmarkmið þeirra frá 2015⁷ einnig í sér ákall um að mannkyn geri róttæka umbreytingu á lífsháttum sínum og framferði gagnvart vistkerfinu.⁸ Sett eru fram sautján hnattræn og sjálfbær markmið sem Sameinuðu þjóðirnar telja að muni stuðla að nauðsynlegri umbreytingu og er áherslan lögð jöfnum höndum á kynjaréttlæti og vistréttlæti.

Síðast en ekki síst má greina kröftugt ákall í umburðarbréfi Frans páfa fyrir sjö árum þar sem hann lagði áherslu á að forsenda hinna nauðsynlegu umskipta sem yrðu að eiga sér stað í heiminum sé samstaða og viðurkenning á tengslum allra lífandi vera á jörðinni. Páfi beindi orðum sínum að mannkyni öllu og hvatti til samstöðu mannkyns með náttúrunni. Hann boðar vistfræðileg sinnaskipti (e. *ecological conversion*) en hugtakið er vel þekkt í trúarlegu samhengi og tengist iðrun og yfirbót í aðdraganda samfélagslegs réttlætis og nýs sáttmála.⁹ Að mati páfa er nauðsyn nýs sáttmála augljós. Jörðin, sem hann persónugerir og kallar systur mannkyns, „hrópar núna grátandi á okkur vegna skaðans sem við höfum kallað yfir hana með óábyrgri notkun og misnotkun þeirra gæða sem Guð hefur veitt henni“ skrifar páfi.¹⁰ Það má greina tvö plön í skrifum páfa. Hann bendir á staðreyndir og útlistar nauðsyn þess að mannkyn grípi til

⁶ António Guterres, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, opnunarræða 27. loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaíró í Egyptalandi, sótt 9. nóvember 2022 af <https://www.youtube.com/watch?v=YAVgd5XsvbE>.

⁷ *Sautján sjálfbær þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna*, sótt 1. júní 2021 af <https://sdgs.un.org/2030agenda>.

⁸ Rökin fyrir því að kalla yfirlýsinguna sáttmála eru ekki langsótt heldur koma þau úr texta skjalsins *Sautján sjálfbær þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna*, nánar tiltekið úr kaflanum „A call for action to change our world“ en þar er vísað til upphafsorða stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem orðalagið „Við, þjóðir heimsins“ o.s.frv. kemur fyrir og vísar til samstöðu og sameiginlegra markmiða allra þjóða heims að gera heiminn betri fyrir alla.

⁹ Samkvæmt Markúsarguðspjalli beitti Jesús þessu orðfæri í upphafi boðunar sinnar um fagnaðarerindi Guðs til manna, sbr. orðin „Tíminn er fullnaður og Guðs ríki í nánd. Takið sinnaskiptum og trúið fagnaðarerindinu“ (Mark 1.15).

¹⁰ Umburðarbréf Frans páfa *Laudato si'*, sjá gr. 2. Hér styðst ég við íslenska þýðingu Bjarna Karlssonar í doktorsritgerð hans: *Vistkerfisvandi og fátækt: Einkenni lífvænlegrar heimsmyndar, mannskilnings og fátæktarhugtaks í fjölmenningsarsamfélagi eftirnútímans*, Reykjavík: Háskóli Íslands, 2020, bls. 201.

aðgerða til þess að forðast verstu afleiðingar hamfarahlýnunar á jörðinni. Svo hvetur hann til hugarfarsbreytingar. Til þess að umbreyta lífsháttum okkar þarf grundvallarumbreytingu huga og hjarta. Mannkyn þarf að endurskoða ríkjandi mannskilning og ríkjandi náttúruskilning en hvort tveggja tengist kristnum trúarviðhorfum. Páfi talar ekki úr tóminu heldur vísar til kristinnar hefðar og guðfræði samtímans máli sínu til stuðnings. Kjarni málsins er þessi: Til þess að megna að víkja af rangri leið og koma á nýjum sáttmála við náttúruna og Jörðina þarf mannkyn að undirgangast sinnaskipti.

Róttækar, femínískar samstöðu- og sáttmálahugmyndir upp úr 1970

Rosemary Radford Ruether átti í virku samtali við femíníska kollega sína frá upphafi. Meðal þeirra var Mary Daly en líkt og Radford Ruether tilheyrði hún formæðrahópi femínískrar guðfræði. Þær stölluðu áttu það sameiginlegt að stíga inn á karllægt svið guðfræðinnar upp úr 1970 og takast á við það mikla verkefni að útskýra frá femínísku og guðfræðilegu sjónarmiði mikilvægi nýrrar alheimsskipunar sem umbreyta myndi stöðu kvenna og náttúru.¹¹ Daly vísaði beint til exodus-stefs Gamla testamentisins en *exodus* merkir brottför og er atburðurinn yfirleitt túlkaður sem lykillinn að guðsmynd Gyðinga. Guð Annarrar Mósebókar er sá sem leysir bandingjana og vísar þeim veginn til fyrirheitna landsins. Nánar tiltekið greinir Önnur Mósebók frá brottför og frelsun Hebraea undan ánaud í Egyptalandi. Þessa vel þekktu frásögn heimfærir Daly upp á stöðu kvenna í samfélögum allra tíma og segir tímabært að konur hafni nauðung og valdi karlveldisins og taki málin í eigin hendur. Exodus þeirra verði að hefjast tafarlaust. En hvað fólst í hugsjón hennar um þessa brottför? Hvers konar fyrirbæri er hin nýja alheimsskipan?

Þessum spurningum er ekki auðvelt að svara. Rýni maður í texta Daly virðist hún t.d. vísa jöfnum höndum til andlegs samstöðufyrirbæris og nýs félagslegs rýmis sem muni skapast á grundvelli þess.¹² Ljóst virðist þó að systrasáttmáli (e. *sisterhood*) sé nauðsynleg forsenda umbreytingarinnar. Fyrsta skrefið í átt að fyrirheitna landinu er exodusinn sjálfur eða það þegar konur rísa upp gegn karlveldinu, halda á brott, hefja vegferð til móts við allsherjarsáttmála sem þær stofnsetja sjálfar og er á milli þeirra sjálfra og náttúrunnar. Vegferðin virðist þannig hafa tvöfalt markmið: Þær stefna í fyrsta lagi inn á við, til móts við sjálfar sig, en jafnframt út á við, til nýs samfélags þar sem ríkir frelsi og réttlæti, óravageu frá oki karlveldisins og karllægum föður-guði þess (e. *God the father*).

Óljóst er hvað fleira felst í systrasáttmálanum en Daly orðar það m.a. á þá leið að hann sé djúpstæður leyndardómur sem konur uppgötvi smám saman. Vitundin um hann vaxi í réttu hlutfalli við upplifun þeirra af jafnvægi og nálægð við náttúruna.¹³ Það er tæplega ofsagt að Daly líti á sjálfa sig sem spákonu eða völvu sem segi fyrir um framtíðina. Að auki telur hún að konur muni almennt fyllast af heilagri andagift á þeirri vegferð sem bíður þeirra og finni að lokum

¹¹ Mary Daly, *Beyond God the Father*, Boston: Beacon Press, 1973. Í bókinni útfærir Daly hugmyndir sínar um þetta efni sérstaklega í 6. kafla sem nefnist „Sisterhood as Cosmic Covenant“, sjá bls. 155. Sjá bókfræðilegar upplýsingar um *New Woman: New Earth* í neðanmálgrein nr. 5.

¹² Mary Daly, *Beyond God the Father*, bls. 157.

¹³ Sama heimild, bls. 159–165.

að jafnvægi milli þeirra og náttúrunnar er til staðar. Þangað komnar hefjist næsta verkefni sem sé bæði félagslegt og uppbyggilegt en það er að lækna Jörðina, frelsa hana, eins og þær sjálfar, undan ánaud og kúgun feðraveldisins. Lokatakmarkið á hinni mikilvægu exodus-vegferð er það að konur sameinast hinum eilífa og heilaga krafti náttúrunnar sem Daly kallar líka móður jörð. Við þennan samruna ávarpar þær náttúrukraftur alheimsins sem viðurkennir þær sem persónur, ólíkt því sem hinn gyðing-kristni föður-guð hefur gert í aldanna rás. Við þetta umbreytast konur algerlega, enda þá komnar til fyrirheitna landsins. Þær hafa þá fundið hina réttu heimavist hjá móður náttúru sem geri þeim kleift að lifa upp frá því í réttum og réttlátum tengslum við móður jörð.¹⁴

Ruether vísar til skrifa Daly um alheimssáttmálann í bókinni *New Woman: New Earth* frá 1975, tekur undir orð hennar um nauðsyn slíks sáttmála en ræðir að öðru leyti ekki hugmyndir hennar efnislega.¹⁵ Skrif hennar í þessari fyrstu bók eru á vissan hátt frábrugðin síðari skrifum, þótt hugsanlega sé þar að finna forsendur sem hún aldrei kvikaði frá. Rétt um fimmtíu ára gömul gagnrýni hennar á karlveldið hefur að miklu leyti haldið gildi sínu. Áður var nefnt að Ruether hefði þótt mjög pólitísk og látið sig varða samfélagslegt óréttlæti hvers konar. Sú hlið birtist með skýru móti í *New Woman: New Earth* en þar gengur hún hreint til verks og segir vistfræðilega eyðileggingu jarðarinnar afleiðingu og niðurstöðu nýlenduhyggu, frjálshyggu, kynjahyggu og auðhyggu vestrænnar menningar.¹⁶ Hugmyndafræðilega tvenndar- og stigveldishyggu Vesturlanda flokkar hún sem aðalorsök félagslegrar kúgunar kvenna. Þannig sparar hún ekki stóru orðin heldur ræðst að helstu hugmyndafræðilegum fyrirbærum í menningunni sem hafa haft neikvæð áhrif á konur og náttúru.¹⁷ Helstu varnaðarorð hennar frá 1975 má sjóða niður í eftirfarandi staðhæfingar:

Uppsprettur náttúrugæða eru ekki óþrjótandi. Endalaus útpensla og stækkun kökunnar gengur ekki til lengdar. Þróunarhyggja okkar tíma er vestræn lygi sem byggist á rányrkju og náttúruniðslu. Mannkyn er að eyðileggja jörðina sem brátt ber okkur ekki lengur og þá fellur spilaborgin. Alheimsvæðing hins vestræna rányrkjukerfis, sem byggist á endurnýjuðu umboði nýlendustefnunnar, endar með ósköpum!¹⁸

Ruether varar konur sérstaklega við því að láta glepjast af gylliboðum nýju nýlendustefnunnar (e. *new colonialism*), sem hún kallar svo, sem lofi þeim gulli og grænum skógum. Þar með taki þær virkan þátt í að viðhalda vistkreppunni sem sé óhjákvæmilegur fylgifiskur karlveldismenningar og samfélags. Frelsun kvenna undan oki karlveldisins felst því ekki í að ná jafnrétti í núverandi aðstæðum. Konur verða að gera eitthvað allt annað en þar á hún ekki við brottför af neinu tagi, líkt og hjá Daly, heldur fremur virkt viðnám innan rammans. Vandinn er *drottun* karlveldisins en drottun er lykilhugtak í allri orðræðu Ruether um karlveldið og vísar til kerfisbundinna og menningarlegra yfirráða

¹⁴ Sama heimild, bls. 166–178.

¹⁵ Rosemary Radford Ruether, *New Woman: New Earth*, bls. 31.

¹⁶ Sama heimild, bls. 191–196.

¹⁷ Ruether gerir yfirleitt ekki neinn sérstakan greinarmun á hugtökunum náttúra og jörð heldur virðist hún, eins og fleiri, nýta sér þessi hugtök á víxl. Þó má greina vissa áherslubreytingu í þessum efnunum, þ.e. að jarðarhugtakið eflist í nýrri skrifum fremur en hitt. Aðalatriðið er þó það að hún notar þessi hugtök jöfnum höndum og lætur valið ráðast af samhenginu.

¹⁸ Rosemary Radford Ruether, *New Woman: New Earth*, bls. 200–202.

karla yfir konum og náttúru. Vissulega þarf umbylting af hálfu kvenna að eiga sér stað sem beinist að hvoru tveggja: eigin frelsun og náttúrunnar — en það er þó ekki nóg. Allt mannkyn þarf að umbreyta framkomu sinni við náttúruna og jörðina. Þetta verður æ ljósara í síðari skrifum hennar. Hinn nýi alheimsáttnáli sem þarf að stofnsetja varðar ekki aðeins konur, eins og hann gerði í skrifum Daly, heldur mannkynið allt. Hann fjallar heldur ekki um burtför heldur mun fremur hitt: að mannkyn lifi af á jörðinni.

Margir hafa orðið til að gagnrýna tillögu Daly um alheimssáttmálann og talið hana bæði óljósa og óraunsæja. Hvað með tillögu Ruether, farnast henni betur? Það er óvíst, ef marka má orð hennar sjálfrar. „Það er erfitt að jafnvel ímynda sér hvernig svona breyting á mannkyni og jörðinni geti orðið að veruleika,“ skrifar hún, og jafnvel þótt við getum ímyndað okkur það þá sé framkvæmdin eftir.¹⁹ Umbreyting okkar gagnvart náttúrunni snýst um allt mannkynið og ekki aðeins konur. Ruether telur líklegast að enn þurfi lengi að bíða þeirrar stundar að mannkyn ranki við sér og snúi frá villu síns vegar. Þegar við verðum komin á endastöð og engin önnur leið fær eygir hún fyrst von um breytingar. Þær megi þó ekki eftirláta örsmáum, útvöldum, einkavæddum hópum heldur þurfi lýðræðið og réttlætið að vinna sitt verk. Stærri hópar fremur en smærri þurfi að taka djarfar ákvarðanir með almannahag (e. *common good*) að leiðarljósi.²⁰

Ruether leggur fram skýrar tillögur um nýja og bætta lífshætti mannkyns sem byggjast á nægjusteimi og endurvinnslu og eiga jafn vel við í dag og fyrir 25 árum. Hún kallar eftir lýðræðislegum sósíalisma sem hafi almannahag að leiðarljósi. Virkja þurfi sólina, vatnið og vindinn sem orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis. Hún gagnrýnir efnahagskerfi BNA, vill sjá sjálfstjórn minni eininga og telur hnattrænt samstarf jafnframt mikilvægt um stærstu málaflokkana, eins og t.d. orkumál. Allt mannkyn þarf, samkvæmt henni, að laga sig að nýrri jörð. Hið góða líf byggist á samstöðu en ekki samkeppni. Samstaða gefi rými til að þroska nýja sjálfsveru sem sé tilbúin að deila lífinu með öðru fólki af ýmsum toga, fólki sem líti á jörðina sem elskuverðan náunga í stað fjarlægs og ókunnuglegs fyrirbæris sem megi níðast á.²¹

Hver er þá kjarninn í elstu skrifum Ruether um vistkerfisvandann? Svarið við þeirri spurningu sýnist mér vera greining hennar og lýsing á karlveldinu. Þá vekur athygli hve beitt gagnrýni hennar er á ríkjandi hugmyndafræði þótt lausnirnar séu minna útfærðar. Vissulega bendir hún á mögulegan samstöðumátt kvenna og er sú hugmynd ekki langt frá systrasáttmálahugmynd Daly. Ruether lætur nánari útfærslu þeirrar hugmyndar vera árið 1975 en tekur upp þráðinn í síðari skrifum. Ég sný mér nú að nýrri verkum Ruether þar sem finna má dýpri guðfræðilega og siðfræðilega umfjöllun um kjarnaspurningar greinarinnar.

¹⁹ Sama heimild, bls. 205.

²⁰ Sama heimild, bls. 204–205.

²¹ Sama heimild, bls. 205–211.

Andóf gagn vistkerfisvandana

Eins og áður hefur komið fram hóf Ruether snemma að velta fyrir sér vistkerfisvandana og benda á ábyrgð mannsins á honum. Niðurstaða hennar í *New Woman: New Earth* var að orsakirnar mætti finna í ranglátum tengslum milli mannkynsins og náttúrunnar en ástæður þeirra tengsla lögju í félagslegum og hugmyndafræðilegum þáttum í menningunni. Karlveldið sé byggt á stigveldistengslum og það útskýri af hverju konur standi svo illa að vígi í samfélögum heimsins. Sama gildi um stöðu náttúrunnar sem, rétt eins og konurnar, hafni neðst í píramída stigveldistengslanna.²² En hvaðan kemur þessi skoðun Ruether, varla hefur hún verið ein um hana á þessum tíma?

Þessu vil ég svara með almennum hætti. Því fer auðvitað fjarri að Ruether sé hér ein á báti. Hana má trúlega kalla endurskoðunarsinna fremur en byltingarsinnaða í hópi vistguðfræðinga á þessum tíma²³ en báðir aðilar eiga þó ýmislegt sameiginlegt, þar á meðal þá skoðun að umhverfisvandamál og kynjaranglæti tengist. Þannig eru flestir, ef ekki allir, vistfemínistar þessa tíma sammála um að illska karlveldisins felist í stigveldishugsun sem endurspeglar í kúgun og eyðileggingu á náttúrunni.²⁴

Ruether kvikar ekki frá skoðun sinni um þessi tengsl í *Gaia and God* og fer enn dýpra í saumana á því vistfemíníska og guðfræðilega verkefni sem hún telur nauðsynlegt að ráðast í. Verkefnið er gagnrýnið í eðli sínu og varðar endurskoðun vestrænnar, gyðing-kristinnar trúarhefðar.²⁵ Meginmarkmið þess verkefnis er að ryðja burt öllum menningarlegum ranghugmyndum um yfirburði karla gagnvart konum og náttúrunni. Í því felst að ögra meintum rétti mannkyns til þess að umgangast dýrin og hið ó-mannlega (e. *non-human*) efni sem einkaeign. Jafnframt er endurskoðuninni ætlað að ögra þeirri hugmynd að Guð fyrirfinnist ofar og utan við efnisveruleikann.²⁶

Það er þetta verkefni sem ég vel að vísa til sem nýs alheimssáttmála í þessari grein. Það er þó ekki svo að Ruether noti það hugtak sjálf í skrifum sínum, heldur skal líta á það sem greiningarhugtak greinarhöfundar. Alheimssáttmáli er þá það verkefni femínískrar vistguðfræði að endurskoða tengsl Guðs, manns og náttúru innan hefðbundinnar, kristinnar guðfræði með það að markmiði að endurskilgreina afstöðu og vægi Guðs, mannkyns og náttúrunnar. Eins og snemma kom fram í skrifum Ruether þarfnast gjörvöll menning okkar endurskoðunar við. Kristin trúarhefð hefur haft gríðarleg áhrif á gildi okkar og hugmyndir og þetta endurspeglar í samfélaginu. Þannig eru umhverfisvandamál heimsins afleiðing og niðurstaða trúarlegrar og veraldlegrar hugmyndafræði sem mótað hefur vestræna menningu. Ítrasta ástæða vistkerfisvandans er, eins og áður hefur verið nefnt, karlveldið sem hugmyndafræði og samfélagsgerð.²⁷

²² Rosemary Radford Ruether, *Gaia and God*, bls. 173–201.

²³ Þær róttækari leitunni í ríkara mæli til frásagna um kven- og frjósemistákn í trúarbrögðum frumbyggja en endurskoðunarsinnar sem leitunni í eigin hefð. Þetta á þó ekki við um Ruether sem nýtir sér orðræðu úr báðum flokkum.

²⁴ Gott dæmi um það er Vandana Shiva, „Let Us Survive“, *Women, Ecology and Development: Women Healing Earth — Third World Women on Ecology*, ritstj. Rosemary Radford Ruether, Maryknoll, New York: Orbis Books, 1996, bls. 65–73.

²⁵ Rosemary Radford Ruether, *Sexism and God-Talk*, bls. 82–85.

²⁶ Sama heimild, bls. 85.

²⁷ Rosemary Radford Ruether, *Gaia and God*, bls. 2, 200.

Sem femínískur guðfræðingur er ekki að undra að Ruether beini spjótum sínum að hefðbundinni guðfræði og því samfélagslega vægi og rými sem karlar hafa notið um aldir.²⁸ Gegn hefðarvaldi karla innan guðfræðinnar teflir hún gagnrýnu, femínísku lögmáli þar sem lagt er mat á það hverju sinni hvort mannhelgi viðkomandi manneskju sé virt til fulls. Ef framsetning hefðbundinnar guðfræði er þess eðlis að hún grafi undan mannhelgi kvenna, þá ber að hafna henni, segir Ruether. Kynbundið óréttlæti í samfélaginu helst í hendur við slíka guðfræði og í augum Ruether er þetta ein birtingarmynd syndar í heiminum. Það sama gildir um náttúruna. Öllu óréttlæti í hennar garð ber að hafna með þeim rökum að ráðist sé gegn friðhelgi sköpunarverks Guðs.²⁹ Lítum nú á náttúruskilning Ruether til að skilja betur guðfræðileg rök hennar fyrir friðhelgi náttúrunnar.

Gaia og Guð í umbreyttri náttúrusýn

Eitt aðalmarkmið vistguðfræðilegra skrifa Ruether er að stuðla að bata jarðarinnar (e. *earth healing*) en í því felst tilraun til að umbreyta mannmiðlægri sýn á jörðina og náttúruna yfir í lífmiðlæga. Með þessari breytingu sá Ruether fyrir sér að guðfræðin viki af þeirri braut sem hún villtist inn á, illu heilli, þar sem maðurinn var hið eina sanna viðfangsefni guðlegrar frelsunar. Innblástur í hugsjón af þessu tagi sækir hún bæði til forns náttúruskilnings sem kenndur er við Gaiu og innsæis hebresks trúararfs.³⁰ Gaiu-myndina skyldi því ekki skoða sem heiti á nýjum og framandi kvenguði. Fremur vísar hugtakið til náttúruskilnings þar sem allt efni er ein lifandi, lífræn heild.³¹ Allt sem lifir; menn, dýr og allar lífverur tilheyra Gaiu sem er uppspretta lífsins og sjálfur lífskrafturinn. Ruether vísar til þeirra orða sem farið er með þegar rekum er kastað við kristna útför: „Af jörðu ertu kominn. Að jörðu skaltu aftur verða. Af jörðu skaltu aftur upp rísa“. Sá skilningur sem þar birtist er það sem hún vill sagt hafa: Við erum mold og við hverfum aftur til moldar við dauða okkar. Mannkyn þarf að skilja hið hringlaga form lífsins og þar með skyldleika okkar og náttúrunnar. Maðurinn deilir einum og sama uppruna með öllum lifandi verum á jörðinni og má þar af leiðandi ekki setja sig yfir náttúruna.³²

Þetta sjónarmið hefur þýðingu bæði fyrir náttúrusýnina og mannskilninginn sem betur verður fjallað um hér að neðan. Maður og náttúra eru ekki andstæður í neinum skilningi. Fremur en að líta á náttúruna sem óvin og andstæðing leggur Ruether áherslu á hana sem vin og samverkamann mannkyns. Allt líf í náttúrunni byggist á öðru lífi og þarfnast þess til að dafna og blómgast.³³ Til að tjá þetta er Gaiu-hugmyndin veigamikill þáttur en það er Biblían líka. Einkum höfða nokkur rit spámanna Gamla testamentisins til Ruether og það sama má segja um ákveðna texta Nýja testamentisins. Þegar upp er staðið er

²⁸ Rosemary Radford Ruether, *Sexism and God-Talk*, bls. 12–20.

²⁹ Sama heimild, bls. 18–20, 37.

³⁰ Sama heimild, bls. 100.

³¹ Rosemary Radford Ruether, *God and Gaia*, bls. 1–3.

³² Rosemary Radford Ruether, „Ecofeminism: The Challenge to Theology“, *Christianity and Ecology*, ritstj. Dieter T. Hessel og Rosemary Radford Ruether, 2000, bls. 97–112, hér 104.

³³ Rosemary Radford Ruether, *God and Gaia*, bls. 4–5.

óhætt að segja að Biblían sé meginuppspretta vistguðfræðilegrar visku og speki um náttúruna en í Biblíuna sækir hún að auki það réttlætishugtak sem hún gerir að undirstöðuatriði í sambandi manns og náttúru.³⁴

Í tveimur hefðum Biblíunnar, sáttmálahefðinni og sakramentishefðinni, birtist sterk áhersla á nærveru Guðs hér á jörð. Sjálfur alheimurinn er fullur af nærveru Guðs, staðhæfir Ruether í anda sakramentishefðarinnar, en samtímis er allt hið skapaða ófullkomið og einkennist af synd. Niðurstaða Ruether er að ekki aðeins maðurinn þarfnist endurlausnar heldur allt sköpunarverkið og það byggir hún á túlkun á sáttmála- og sakramentishefð Biblíunnar.³⁵ Hún teflir fram guðsmynd sem lýsir Guði sem stendur vörð um lítilmagnann, hin fátæku, munadarleysingjana og ekkjurnar. Vægi þessara hópa eru undirstrikuð í sælu-boðunum en þar eru það hin hógværu og auðmjúku sem munu landið erfa. Þessi dæmi og mörg fleiri leika stórt hlutverk í umbreyttri sýn á guddóminn sem einnig er hluti hins femíníska og vistguðfræðilega endurskoðunarverk-efnis. Hin milda og máttuga guðsmynd snýr öllu á hvolf.³⁶ Í sáttmálahugsun Biblíunnar er ekki að finna þá tvíhyggju sem mótaði biblíutúlkun nítjándu aldar, einkum meðal evrópskra mótmælendaguðfræðinga. Ruether vísar í guðfræðirannsóknir þar sem því er haldið fram að með þessum túlkunarviðmiðum nútímatvíhyggju sé hin biblíulega sáttmálahugsun misskilin og rangtúlkun. Hvernig má þá lýsa þeirri rangtúlkun? Því svarar Ruether með því að lýsa innbyrðis afstöðu Guðs, manna og náttúru. Guð, samkvæmt skilningi Hebrea, fyllir bæði himin og jörð anda sínum, sem merkir að himinn og jörð eru ekki andstæður heldur ein heild. Andi Guðs og kærleiksfull nærvera er jafn vel áþreifanleg á báðum sviðum. Sköpunarsaga Fyrstu Mósebókar tjáir þetta sterkt en þar skapar Guð allt sem til er, frá hinu minnsta til hins stærsta. Mikilvæg heimild um hina miklu og eilífu nærveru Guðs í öllum hugsanlegum aðstæðum á jörðinni eru Davíðssálmur og tekur Ruether nokkur dæmi þar sem sá guðsskilningur birtist skýrt að Guð skapi bæði himin og jörð, sól, tungl og stjörnurnar. En þrátt fyrir mikilleik sinn og mátt víki hann aldrei frá fólkinu sínu heldur fylgi því á vegferð þess „með sterkri hendi og útréttum armi“. Þannig er hann, ályktar Ruether, upphaf og takmark alls lífs þess og miskunn hans gagnvart því varir að eilífu.³⁷

Guð er þó ekki aðeins nálægur í blessun samfélagsins og náttúrunnar heldur líka í bölvun og neyð, segir Ruether, og bendir á að í hebreskri hugsun fléttist hið góða og illa yfirleitt náið saman. Stríð og faraldrar, stormar og þurrkar eru hluti af mannlegri reynslu. Þannig er Guð upphaf og endir alls, góðs jafnt sem ills. Ruether tekur mörg dæmi um þetta úr Biblíunni. Eitt þeirra er í Davíðs-sálmi 107 þar sem segir frá því hvernig mannkyn gengur í gegnum góða tíma og vonða en alls staðar er Guð með fólkinu sínu. „Þeir hófust til himins, hnigu í djúpið og þeim féllst hugur í háskanum“; „Hann breytti storminum í blíðan

³⁴ Rosemary Radford Ruether, *Sexism and God-Talk*, bls. 22–27.

³⁵ Rosemary Radford Ruether, *Gaia and God*, bls. 207–214.

³⁶ Rosemary Radford Ruether, *Sexism and God-Talk*, bls. 20–27.

³⁷ Rosemary Radford Ruether, *Gaia and God*, bls. 208. Ruether ræðir og viðurkennir að innri mótsagnir megi finna í ritningarversum Gamla testamentisins þar sem mismunandi guðsmynd komi fram. Sjá nánar um femínískar guðsmyndir: Sólveig Anna Bóasdóttir, „Að breyta Guði: Endursköpun guðsmyndar í ljósi reynslu kvenna af ofbeldi og kúgun“, *Ritroð Guðfræðistofnunar* 52/2021, bls. 29–43, sótt 10. desember 2022 af <https://timarit.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/75>.

blæ og öldur hafins lægði“; „Hann gerir fljótt að eyðimörk og uppsprettur að þurru lendum, frjósamt land að saltsléttu sakir illsku íbúanna. Hann gerir eyðimörk að vatnstjörnum og þurrlendið að uppsprettum, lætur hungraða setjast þar að og reisir þeim borg til að búa í“ (Slm 29, 33–36).³⁸

Ruether telur að þeir sem gagnrýna kristna trúarhefð fyrir neikvæða náttúrusýn gefi hugtakinu drottinn (e. *dominion*) allt of mikið vægi. Þetta eigi t.d. við um Lynn White Jr. í fyrirnefndri grein frá 1967 sem skorti hvort tveggja, þekkingu á textum Biblíunnar og inntaki sáttmálahefðarinnar. Sé náttúrusýn Biblíunnar skoðuð út frá sjónarhorni sáttmálahefðarinnar mæti okkur allt annars konar Guð. Sá sé skapari alls hins sýnilega og ósýnilega og í því samhengi hafi maðurinn ekki stöðu drottandi yfirvalds. Maðurinn sé hluti sköpunarverksins, hluti náttúrunnar og geti aðeins vænst blessunar fylgi hann boðum Guðs um hvernig yrkja eigi og gæta aldingarðs hans. Þetta sé þó ekki tæmandi heldur geti maðurinn líka ráðfært sig við náttúruna þegar eigin skynsemi þrýtur. Náttúran sé því langt því frá skynlaus og dauð heldur búi yfir visku, samanber orð Jobsbókar: „Spyrðu skepnurnar svo að þær kenni þér, fugla himins og þeir munu skýra þér frá eða dýr merkurinnar svo að þau kenni þér og fiskar hafsins geta einnig sagt þér frá þessu“ (Job 12.7–8).³⁹ Við getum lært af náttúrunni eða öllu heldur, okkur ber að sækja visku til hennar þegar svo ber undir.

Að lokum má nefna enn eitt atriði hins hebreska sáttmálaskilnings sem Ruether heldur á loft en það tengist lögmálinu um hvíldarár og hvíldardag. Þau fyrirmæli tilheyra lögmáli Gyðinga en þar standa þessi orð: „Í sex ár skaltu sá í land þitt og hirða afrakstur þess en sjöunda árið skaltu láta það liggja ónotað og hvílast. Þá geta hin fátæku meðal þjóðar þinnar lifað af því og það sem þeir skilja eftir geta villt dýr étið. Þú skalt fara eins að með vingarð þinn og ólífutré“ (2Mós 23.10–12).⁴⁰ Þannig felur sjö daga hringrás daga og ára í sér djúpa visku, byggða á reynslu kynslóðanna. Land, dýr og manneskjur — öll þurfa reglulega hvíld til að þrífast og dafna. Jafnvel sjálfur skapari heimsins hvíldist á sjöunda degi. Með þessari löggjöf, að mati Ruether, er lögð áhersla á heild náttúrunnar og heilagleika. Allt líf þarf á reglulegri hvíld að halda.

Í bókinni *Gaia and God* má sjá breytingu frá fyrri bókum í orðfæri Ruether sem rekja má til aukinnar vistfræðilegrar og vísindalegrar þekkingar á vistkerfisvandanum. Hún vitnar í alþjóðlegar skýrslur um ástand heimsins og jarðarinnar og það hefur áhrif á orðfærið. Röksemdafærslan verður „raunvísindalegri“ ef svo má að orði komast. Áður hefur hún fyrst og fremst horft til hugmyndafræðilegra áhrifaþátta í framsetningu sinni á skaðsemi þess að aðgreina anda og efni.

Í síðari skrifum vísar hún mun oftast til nýjustu þekkingar á orku og atómum. Efnisveruleikinn byggist á orku, sýnilegri og ósýnilegri, og sé grundvöllur allrar upplifunar. Breytingar á orku tengist þróun lífsins og þannig þróist og umbreytist allt líf, sama hvaða nafni það nefnist. Þannig áréttar Ruether að

³⁸ Rosemary Radford Ruether, *Gaia and God*, bls. 210.

³⁹ Sama heimild, bls. 211.

⁴⁰ Sama heimild, bls. 212.

náttúran sé hluti alheimsins, hún sé í eilífu ferli og sífelldum breytingum undir orpin. Innblástur í orðræðu hennar um lífkeðjuna kemur úr sama þekkingarbrunni. Niðurstaða hennar er að hafna beri allri stigveldishugsun um lífkerfið.⁴¹ Skynsemi mannkyns sé ekki til að hreykja sér af. Sem skynsöm dýr berum við hins vegar mikla ábyrgð gagnvart öðru lífi í lífheiminum. Mannkynið sé algerlega upp á náttúruna komið. Mannkyn hafi skemmt hana og jafnvel eyðilagt víða og með því háttalagi grafið undan eigin tilveru. Þetta framferði byggist á hvoru tveggja: líffræðilegri vanþekkingu og mannlegum misskilningi. Nú eigi mannkyn aðeins tveggja kosta vól: að nota skynsemina í þágu náttúrunnar eða missa lífsviðurværi sitt endanlega. Þessi niðurstaða Ruether frá 1992 kallast með hrollköldum hætti á við orð António Guterres þrjátíu árum síðar sem vísað var í hér að framan.⁴²

Umbreyttur mannskilningur

Það er algeng skoðun í vestrænni hugmyndahefð að telja skaða á umhverfi og náttúru siðferðilegt vandamál að því skapi sem hann ógni velferð mannsins. Í nytjastefnu, sem og í siðfræði Kants og lærisveina hans, er flest miðað við manninn. Þannig er boðskapurinn í margvíslegri framsetningu nytjastefnunnar að hamingja mannsins sé það eina sem hafi gildi í sjálfu sér. Aðrar lífverur geti líka verið mikils virði en þá einungis sem leið til að auka við hamingju mannsins.⁴³ Í siðfræðikenningum Kants er ekki síður haldið fram sérstöðu mannsins. Maðurinn einn sé skyni borin vera með frjálsan vilja og því eigi ætíð að líta á hann sem markmið í sjálfum sér. Aðrar lífandi verur hafi einnig gildi en einungis upp að því marki að þær séu manninum til gagns eða stuðnings.

Mannhverf siðfræði hefur verið ríkjandi í kristinni trúarhefð, þ.e. siðfræði sem miðar allt við manninn og gerir hann að viðmiði siðferðisins. Guðfræðileg rök fyrir þessu hafa verið þau að maðurinn sé skapaður eftir mynd Guðs en það merkir að hann hafi vissa einstaka eiginleika og virði, í samanburði við aðrar lífverur innan sköpunarverksins. Því fer þó fjarri að kristin siðfræði hafi beinlínis boðað að maðurinn megi fara illa með náttúruna. Þvert á móti má segja að í flestum tilvikum hafi verið litið á manninn sem góðan ráðsmann sem hafi það hlutverk að hugsa um náttúruna samkvæmt boði Guðs, eins og það hefur verið túlkað gegnum aldirnar — með öðrum orðum, að manninum beri sú siðferðilega skylda að vernda og gæta aldingarðs Guðs.

Eins og þegar hefur komið fram leggur Ruether áherslu á mikilvægi nýjustu niðurstaðna vistfræðilegra rannsókna fyrir þá náttúrusýn sem hún boðar. Það sama gildir um mannskilninginn. Hin vistfræðilega þekking er einnig til þess fallin að umbreyta skilningi okkar á manninum og stöðu hans gagnvart náttúrunni og umheiminum. Þannig haldast náttúrusýnin og mannskilningurinn í hendur sem systkin væru í skrifum Ruether. Þau eru með öðrum orðum tvær hliðar á sömu mynt.

⁴¹ Sama heimild, bls. 5.

⁴² Sama heimild, bls. 85–89.

⁴³ Undantekningar eru á þessu og besta dæmið eru skrif Jeromys Bentham sjálfs sem kallaður hefur verið faðir nytjastefnunnar. Þeir sem fetuðu í fótspor hans höfðu þó allt annars konar skoðanir á mikilvægi dýra.

Eitt af meginatriðunum í þessu umbreytingarferli sem Ruether gangsetur er gagnrýnin á hefðbundinn mannskilning en sú gagnrýni er aldrei óháð gagnrýni á hina karllægu guðsmynd sem á drjúgan þátt í að viðhalda karlveldinu. Um þetta voru þær Ruether og Daly algerlega sammála. Kúgun kvenna og náttúru má útskýra með sams konar rökum. Ruether gengur hins vegar mun lengra en Daly hvað vistfræðilega hugsun varðar. Eftir því sem líður á feril hennar verður vart mun meiri áherslu á það sjónarmið að ekki beri að líta á manninn sem einangraða lífveru heldur fremur sem möskva í stóru tengslaneti sem fellur inn í flókna, samhangandi heild. Nú má segja að maðurinn sem tengslavera sé ekki nýtt stef í guðfræðilegri orðræðu en þá hefur tilvísunin yfirleitt verið til annarra manna og svo auðvitað guðdómsins. Það sem er nýtt hjá Ruether er að hún setur manninn jafnfætis náttúrunni og vísar til nýjustu vistfræðilegra rannsóknna. Maðurinn sé aðeins lítið brot af stærri lífheild. Hann sé nýkominn á jörðina miðað við annað líf og eigi því ekki að gera sig of breiðan. Orðað með guðfræðilegum hætti: allt líf er mikilvægt og hluti af sköpunarverki Guðs.

Rétt eins og með náttúrusýnina er það markmið Ruether að umbreyta guðfræðilegum skilningi á manninum. Hún viðhefur sömu aðferðafræði og áður hefur verið lýst, þ.e. snýr sér til kristinnar túlkunar á völdum ritningartextum Biblíunnar sem lýsa stöðu mannsins. Í Fyrstu Mósebók finnur hún áður framkomna afstöðu til mannsins sem samræmist vistfræðilegri orðræðu samtímans. Maðurinn er mold, hann er náttúruvera, af jörðu kominn og hverfur þangað aftur við dauðann.⁴⁴ Ályktun Ruether um manninn og siðferðilega og náttúrulega stöðu hans má fella undir heildarhyggju. Allar lífverur hafa eigið gildi en auk þess gildi sem hluti af hinum stóra, lifandi heimi og heimssamfélagi. Hver tegund er bæði einstök en samtímis hluti af stærri heild.⁴⁵ Þetta sjónarmið umbreytir mannmiðlægri afstöðu hefðarinnar og kristinnar trúar og gerir hana lífmiðlega (e. *bio-centric*). Maðurinn er mikilvægur hluti sköpunarverks Guðs en sköpunarverkið er ekki skapað fyrir hann einan. Hann hefur ekki siðferðilega yfirburðastöðu gagnvart öðrum lífverum. Með öðrum orðum: maðurinn er náttúruleg vera með sams konar stöðu og aðrar slíkar á jörðinni. Önnur framsætning á þeirri siðferðilegu ályktun sem Ruether dregur af náttúrulegu eðli mannsins er sú að manninum beri að líta á náttúruna sem bróður, jafningja og vin. Hún hafnar ekki skynsemishluta mannsins en áréttar að mannlegri skynsemi fylgi ábyrgð. Sem skynsemisveru og ábyrgum ráðsmanni á jörðinni beri manninum að þjóna fremur en að drottna.⁴⁶

Hver er helsta umbreytingin sem Ruether gerir á mannskilningshugmynd vestrænnar og kristinnar hugmyndahefðar? Svarið er að maðurinn samanstendur af sama dauðlega efninu og náttúran. Um hann gilda sömu lögmál lífs og dauða og aðrar lífverur. Eftir dauðann umbreytist líkami hans í efni sem endurnýtist í náttúrunni líkt og gildir um sérhverja lífveru.⁴⁷ Tal um ódauðleika á því ekki við um hann og slíkar hugmyndir eru í raun til óþurftar að mati Ruether. Samtímis viðurkennir hún að maðurinn eigi hlutdeild í einhverju sem

⁴⁴ Sbr. 1Mós 3.19: „Í sveita þíns andlitis skaltu brauðs þíns neyta þar til þú hverfur aftur til jarðarinnar því af henni ertu tekinn. Því af mold ert þú og til moldar skaltu aftur hverfa.“

⁴⁵ Rosemary Radford Ruether, *Gaia and God*, bls. 5.

⁴⁶ Sama heimild, bls. 48–54.

⁴⁷ Sama heimild, bls. 251–253.

dýrin hafa ekki. Þar kemur mannleg vitund, skynsemi og siðferðisvídd til skjalanna. Hann getur hugleitt eigin gerðir og er fær um að bera ábyrgð, sýna fyrirhyggju og iðka góðmennsku.⁴⁸ Þessir eiginleikar setja manneskjuna þó ekki á hærra stall miðað við önnur dýr en vegna þessarar hæfni getur maðurinn séð að sér, breytt framferði sínu og umbreytt illu til góðs. Hann er fær um að snúa frá villu síns vegar og sýna jörðinni og náttúrunni tilhlýðilega virðingu og auðmýkt.⁴⁹

Vistguðfræðilegt framlag Ruether

Hvert er þá framlag Ruether til þverfræðilegs samtals um leiðir frá viðsjárverðum vegi hamfarahlýnunar og jafnvel algerrar eyðileggingar hins náttúrulega heims og hvers virði er það framlag? Því skal nú reynt að svara í stuttu máli.

Í fyrsta lagi liggur framlagið í umbreyttri náttúrusýn. Ruether vísar af vegi mannmíðlægni (e. *anthropo-centrism*) hvað náttúrusýn varðar og leggur þess í stað áherslu á guðsmíðlægni (e. *theo-centrism*), lífhyggju (e. *bio-centrism*) og heildarhyggju. Í hugtakinu guðsmíðlægni, sem er vel þekkt innan hefðbundinnar kristinnar siðfræði, felst að það sé ekki maðurinn heldur Guð sem sé mælistika siðferðisins. Í kristinni vistguðfræði og siðfræði þar sem Guð er settur í öndvegi er fyrst og fremst spurt hver sé vilji Guðs. Í vistguðfræðilegu framlagi Ruether er þetta mjög skýrt og ábending hennar um að maðurinn endurskoði skilning sinn á sjálfum sér og náttúrunni byggist á þessu. Maðurinn hefur í öllum megindráttum sömu stöðu og aðrar náttúrulegar lífverur innan sköpunarverks Guðs.⁵⁰

Annað mikilvægt framlag Ruether til þverfræðilegs samtals um stöðu náttúrunnar og jarðarinnar er guðsmyndin. Guð-skaparinn er algerlega miðlægur í allri orðræðu hennar um vistkerfisvandann og litar jafnframt umræðu hennar um náttúruna. Kjarnann í vistguðfræðilegum skrifum Ruether má fanga í eftirfarandi staðhæfingum: Heilagleiki sköpunarverks Guðs krefst virðingar af hálfu mannkyns og sú virðing verður að birtast sem samstaða með öðru lífi, bæði manna og dýra. Allt lífernir okkar hér á jörðu þarf að laga að öðru lífi. Guð viðheldur náttúrunni, sem er mikilvægur hluti sköpunarverks hans.

Heildin er því enn eitt kjarnaatriðið í vistguðfræði Ruether. Jörðin er ein lifandi heild, segir hún og gagnrýnir kristnar túlkanir síðustu alda þar sem Guð er settur ofar og utan sköpunarverksins. Slík mynd hefur réttlætt vald og yfirráð mannkyns yfir náttúrunni og stuðlað að eyðileggingu jarðarinnar og sömu þættir hafa verið nýttir til að réttlæta vald og yfirráð karla yfir konum.⁵¹

Víkjum þá að lífhyggju- og heildarhyggjusjónarmiðunum sem nefnd voru hér að framan en þau tengjast náið. Það sem blasir við í vistguðfræði Ruether er heildstæð sýn á vistkerfið samtímis því sem einstaklingum er ætlað mikið

⁴⁸ Sama heimild, bls. 31.

⁴⁹ Sama heimild, bls. 247–253; Rosemary Radford Ruether, *Sexism and God-Talk*, bls. 257.

⁵⁰ Gott dæmi um hvernig þetta hefur verið útfært má sjá í skrifum bandaríska guðfræðingsins James M. Gustafson, *Ethics from a Theocentric Perspective 2*, Ethics and Theology, Chicago og London: The University of Chicago Press, bls. 4–6, 98, 135–137.

⁵¹ John Douglas Hall og Rosemary Radford Ruether, *God and the Nations*, Minneapolis: Fortress Press, 1995, bls. 85–90.

gildi. Hvað sem þessu líður virðist engin ástæða til að óttast að maðurinn tapi gildi sínu í túlkun Ruether heldur hefur hann sama gildi og aðrar lífverur. Hann er siðferðisvera með sérstakan hæfileika til vitundar um sjálfan sig en það kollvarpar þó ekki því að dýr og plöntur hafi sjálfstætt gildi, óháð honum. Með öðrum orðum: allar lifandi verur hafa sjálfstætt gildi og eru skapaðar af Guði.

Ein mikilvæg breyting sem þarf að eiga sér stað innan kristinnar trúarhefðar, að mati Ruether, felst í því að gyðing-kristin trúarhefð hefjist handa við að túlka sköpunarsöguna í Fyrstu Mósebók upp á nýtt. Guðfræðileg ályktun hennar er: sköpunarverkið er Guðs, það er heilagt og það er ekki séreign mannsins. Sem sköpuð vera er maðurinn af sama meiði og allt annað líf innan sköpunarverksins og samkvæmt því ber honum að þjóna því lífi í anda samstöðu og jöfnuðar.⁵²

Að lokum: Niðurstaða mín er sú að meðal þess mikilvægasta sem vistguðfræði Ruether hefur fram að færa sé heildstæð og umfangsmátt náttúrusýn sem byggist á endurskoðuðum mannskilningi og guðsmynd. Allt líf á jörðinni er samtengt og tengist einum og sama lífsvefnum sem er skapaður af Guði. Frændgarður manns og náttúru er einn og hinn sami og á uppruna sinn í sama efni, sem hefur verið til í milljarða ára.⁵³ Þannig víkur mannmiðlægni hefðarinnar fyrir guðsmiðlægni. Sá Guð sem þar birtist er fyrst og fremst nálægur, ólíkt því sem hefðbundin guðshyggjusjónarmið innan hefðbundinnar guðfræði hafa boðað.

⁵² Rosemary Radford Ruether, *Gaia and God*, bls. 21.

⁵³ Sama heimild, bls. 48–54.